



Til byggðaráðs

Nú er menntastefnan gott sem klár. Það sem hefur gerst í stefnunni síðustu 4 ár, Gunnar Gíslason skólaráðgjafi leiddi vinnuna og lagði til að stofnaður yrði stýrihópur.

Fulltrúarnir í stýrihóp nýrrar menntastefnu voru eftirtaldir

- Fulltrúi nemenda – Hólmfríður Katrín Jónsdóttir
- Fulltrúi starfsfólks – Magdalena Sylwia Zawodna
- Fulltrúi foreldra – Karítas Ósk Agnarsdóttir
- Fulltrúi foreldra – Hildur Stefánsdóttir
- Fulltrúi starfsfólks - Sigríður Ósk Indriðadóttir
- Sveitarstjórn - Þórarinn J. Þórisson
- Sveitarstjórn – Sigríður Friðný Halldórsdóttir
- Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir skólastjóri Leikskólans Barnabóls

- Hilma Steinarsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn

Hópurinn fundaði um áherslur og í kjölfarið var haldin vinnustofa íbúa þar sem íbúar unnu að því að setja upp áherslur og markmið í fræðslumálum sveitarfélagsins.

Gunnar tók saman vinnu frá vinnustofunni og setti upp markmið, áherslur og viðmið sem stýrihópurinn hefur rýnt breytt eftir þörfum í samvinnu við Gunnar.

Þetta plagg er því það sem stýrihópurinn er orðinn sáttur með.

Það sem eftir er, er að setja þetta skjal upp á notendavænt form fyrir skólastjórnendur, kennara og foreldra að vinna með. Ég óskaði eftir tilboði í uppsetningu á skýrslunni frá Guðrúnu sem vinnur hjá Líparat.

Í viðhengi eru lokadrög af menntastefnu og tilboð frá Líparat. Mig langar að óska eftir fjárheimild til að ljúka uppsetningunni og þar með ljúka vinnu stefnunnar, tilboðið er upp á 25-30 bls. skýrslu en skýrslan er eins og er 9 fullritaðar blaðsíður, ekki viss um að það endi í 30 blaðsíðum með myndum svo mögulega verður þessi upphæð lægri.

Kveðja

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Formaður velferðar og fræðslunefndar.